



SAMTÖK SÆVARÚTVEGUR

NORÐURLAND VESTRA

Alþingi sjávarútvegs- og  
landbúnaðarnefnd  
b.t. Elínar V. Þorsteinsdóttur

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P/35/235/  
komudagur 25.4.2008

Hvammstanga 25.04.2008

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá 1. ka  
I. viðauka við EES-samninginn, 524. mál**

### Almennt um frumvarpið.

Meiri líkur en minni eru á að samþykkt þessa frumvarps muni hafa í för með sér miklar breytingar á Íslenskum landbúnaði. Ljóst er að innflutningur á kjöti mun aukast umtalsvert sem hafa mun bein áhrif á afkomu bænda og afurðastöðva í formi lækkandi afurðaverðs. Gera má ráð fyrir að innflutningur verði fyrst og fremst bundinn við ferskt kjúklinga-svína og nautakjöt sem vegna aukins framboðs, mun þrýsta verði annarra kjötttegunda s.s lambakjöts niður. Má í því sambandi rifja upp það ástand sem ríkti á kjötmarkaðnum hér á landi á árunum 2002-2003 þar sem mikil framleiðsluaukning í kjúklingum og svínum leiddi til mikils offramboðs á kjöti með tilheyrandi verðlækkunum og rekstrarerfiðleikum greinarinnar allrar í kjölfarið. Bent hefur verið á að háir tollar munu áfram vernda íslenska framleiðslu og ekki standa til að slaka á hvað þá varðar. Því er til að svara að líklegt er að ferskværa verði fyrirferðamikil í væntanlegum innflutningi en sú vara er í flestum tilfellum dýrari en frosin og því mun tollvernd vigta hlutfallslega minna í endanlegu útsöluverði ferskvöru þar sem tollurinn miðast við kr/þr kg. . Út frá byggðalegu sjónarmiði er það mikið áhyggjuefni að litlar sem engar tilraunir hafa verið gerðar að hálfu stjórnvalda að meta áhrif aukins kjötinnflutnings á þær byggðir sem eiga hvað mest undir landbúnaði s.s Norðurland vestra. Til marks um vægi landbúnaðar á Norðurlandi vestra má benda á að 12% vinnuafli í landshlutanum starfar í landbúnaði og landbúnaður greiðir um 5% heildarlaunagreiðslna í landshlutanum. Þá eru ótalin um 200 ársverk í slátrun og úrvinnslu. Einnig byggir margvísleg þjónustustarfsemi í landshlutanum að stórum hluta að þjónustu við landbúnað s.s vélaverkstæði, verslun, bókhaldsþjónusta osfrv. Af þessu má ráða að landbúnaður og þjónusta við hann snertir með beinum og óbeinum hætti þúsundir manna á Norðurlandi vestra sem á undanförunum árum hefur glímt við mikla fólksfækkun og neikvæðan hagvöxt. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hvetja til þess að haft verði víðtækt samráð um aðgerðir til þess að leggja mat á og mæta mögulegum neikvæðum áhrifum frumvarpsins á íslenskan landbúnað.

### Einstakir efnisþættir og greinar.

18. gr frumvarpsins fjallar um breytingu á 28. gr laga nr 93/1995. Í greinni er heimildarákvæði til ráherra um samþykkt bráðabirgðarákvæða í þeim tilvikum þar sem mat á fyrirliggjandi upplýsingum leiðir í ljóð möguleika á heilsuspillandi áhrifum en vísindaleg óvissa ríkir.

Af þessu má ráða að ráðherra sé heimil reglugerðarsetning sem túlki lögin þröngt þ.e að heimilað verði að hafna innflutningi matvæla frá þeim löndum sem eiga sér sögu matvælasýkinga, s.s kúariðu, salmonella og camphilobakter. Mikilvægt er að túlka þetta ákvæði þröngt til þess að vernda þann árangur sem náðst hefur innanlands í útrymningu matvælasjúkdóma.



19. gr fjallar frumvarpsins um viðbótarákvæði við áður nefnda 28. gr. laga nr 93/1995. Þegar kemur fram að leiki rökstuddur grunur á um að tiltekin matvæli hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna skulu hlutaðeigandi eflirlitsaðilar upplýsa almenning um eðli áhættunnar fyrir heilsu manna.

Mikilvægt er hér að skýra í hverju "rökstuddur grunur" fellst. Þarf að hafa komið upp matarsýking innanlands áður en hægt verður að grípa til viðeigandi aðgerða? Er hægt að beita ákvæðum 28. greinar ef rökstuddur grunur liggur fyrir um matarsýkingu eða sögulegar heimildir séu fyrir matarsýkingum í upprunalandi?

41. grein frumvarpsins fjallar um breytingar á lögum nr. 96/1997. Þar er lögð til breyting á 11. grein áðurgreindra laga sem fjallar um innheimtu kostnaðar vil heilbrigðiseftirlit. Verði frumvarpið að veruleika mun Matvælastofnun vera í sjálfsvald sett sú upphæð sem stofnunin innheimtir fyrir heilbrigðisskoðun. Kostnaðurinn á að standa straum af raunkostnaði við eftirlitið sem eru

a) launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits.

b) öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t vegna aðstöðu, áhaldna, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, svo sem bókhalds- og verkskráningarkerfi.


c) kostnaði við greiningu á rannsóknarstofu og sýnatöku.

Samkvæmt upplýsingum frá sláturleyfishöfum hefur þetta gjald verði óbreytt í mörg ár þannig að draga má í efa að gjaldið standi einungis straum af raunkostnaði vegna eftirlitsins þar sem að úttekt á raunkostnaði liggur ekki fyrir. Mikilvægt er að sérstaklega veriði hugað að þessu atriði til þess að lágmarka þann kostnaðarauka sem sláturleyfishafar verða fyrir og leitað verði leiða til lágmarkunar kostnaðar við eftirlit við matvælaframleiðslu almennt. Benda má á að á að undanfarin misseri hafa verið innleiddar reglur s.s um meðferð sláturúrgangs sem haft hafa í för með sér miklar kostnaðarhækkningar fyrir sláturleyfishafa.

35.-39. grein fjalla um breytingar á umdæmum dýralækna þar sem þeim er fækkað úr 16 í 6.. Mikilvægt er að undirstika auðsyn þess að íbúar hinna dreyfðu byggða njóti eftir sem áður fullnægjandi dýralæknaþjónustu og tryggt verði að ekki verði á neinn hátt um skerta þjónustu að ræða.

## Niðurstöður

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra telur mikilvægt er að allar ákvarðanir varðandi breytingar á matvælaölggjöf séu gerðar að yfirveguðu ráði þar sem allir hagsmunir eru vegnir og metnir. Þar sem landbúnaður og matvælaframleiðsla eru umfram annað byggðamál þá er afar brýnt að leggja mat á áhrif breytingar á þessar greinar til þess að hægt sé að bregðast við í tíma ef virkilegur vilji er til þess að hálfu löggjafans að gæta hagsmuna þessara greina sem og byggðar í landinu. Mikilvægt er að til þess verks séu kallaðir hagsmunadilar bænda, afurðastöðva og sveitarfélaga. Að framangreindu telur stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra rétt að Alþingi fresti afgreiðslu frumvarpsins a.m.k til hausts og tíminn verði notaður til vinnu við greinigu á áhrifum lagasetningar og jafnframt mótaðar tillögur sem koma eiga til mótvægis við mögulegar neikvæðar afleiðingar.

Virðingarfyllst  
  
Samtök sveitarfélaga  
á Norðurlandi vestra  
f.h Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.  
Höfðabraut 6 · 530 Hvammstangi  
Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri